

**Sp.**

**706. Tillaga til þingsályktunar**

**[334. mál]**

um könnun á möguleikum á skóg- og trjárækt á Suðurnesjum.

Flm.: Geir Gunnarsson, Salome Porkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason,  
Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela Skógrækt ríkisins í samráði við sveitarfélög og félagssamtök á Suðurnesjum að kanna hvaða landsvæði í eigu þessara aðila eru hæf til ræktunar trjágróðurs.

Ef slík svæði reynast hæf til skóg- og trjáræktar leiti Skógræktin eftir samningum við sveitarfélög og félagssamtök á þessum slóðum um sérstakt átak til slíkrar ræktunar þar sem aðstæður eru bestar.

**Greinargerð.**

Á Suðurnesjum búa um 14 þús. manns í sjö sveitarfélögum. Þar byggist mannlíf fyrst og fremst á þeim verðmætum sem úr sjó eru dregin. Ræktun lands er þar ekki teljandi og umhverfi byggðarlaganna þykir mörgum æði berangurslegt og nakið. Furðu vel getur þó tekist að koma upp gróðri við hífýli manna á þessum slóðum, og á Suðurnesjum hafa verið gerðar raunhæfari rádstafanir til verndar gróðri en víðast annars staðar þar sem landsvæðið sunnan Voga á Vatnsleysuströnd og vestan Grindavíkur, um 35 000 ha., hefur verið girt og friðað fyrir ágangi sauðfjár, en veturinn 1971—1972 voru ríflega 3 600 fjár á fóðrum í þessum sjö sveitarfélögum. Jafnframt hefur verið gert nokkurt átak til ræktunar graslendis til verndar jarðvegs til augnayndis og til hagnýtingar vegna hrossahalds.

Þessar rádstafanir íbúa á Suðurnesjum hafa þegar breytt nokkuð svipmóti næsta nágrennis sumra þéttbýlissvæða og þróunin mun ótvírætt skila árangri á komandi árum. En meira mundi orka til úrbóta í því efni ef unnt reyndist að koma upp trjágróðri, runnum og skjólbelum sem næst sjávarplássunum þar sem gætu orðið útivistarsvæði fyrir íbúana þegar fram líða stundir. Til þess þyrfti sjálfsagt langan tíma, en þeim mun meiri þörf er á að hefjast handa sem fyrst.

Ljóst er að hér er um að ræða landsvæði þar sem ekki er auðvelt að koma upp trjágróðri, en tilraunir skógræktarféлага á þessu svæði hafa borið nokkurn árangur þó að þeim hafi engan veginn verið unnt að sinna sem skyldi. Á það ber einnig að líta að verulegar framfarir hafa orðið almennt í skóg- og trjárækt á undanförunum árum og þekking aukist á þessu sviði. Árangri af ræktunarstarfi einstaklinga á íbúðarhúsalóðum á þessu svæði hefur einnig fleygt fram þótt aðstæður séu erfiðar vegna skjólleysis og nálægðar við sjó. Ljóst er enn fremur að betri árangurs má vænta en ella ef að þessu verki er staðið með skipulögðu samstarfi Skógræktar ríkisins, sveitarféлага og félagssamtaka á svæðinu.

Þekkingu og fjármagni Skógræktar ríkisins ætti ekki hvað síst að beina að því að bæta það umhverfi sem landsmenn eru í nánastri snertingu við í daglegu lífi og fegra og gera hlýlegra umhverfi þorpa og bæja.

Í því skyni að gera átak í þessum eignum, þar sem hvað mest þörf er á slíkum aðgerðum, er með flutningi þessarar þingsályktunartillögu lagt til að Skógrækt ríkisins kanni hvaða svæði, sem til rádstöfunar gætu orðið til trjáræktar í nágrenni byggðarlaganna á Suðurnesjum, eru hæf til ræktunar og henta best.

Kanna þarf vilja sveitarstjórna, félagssamtaka og einstaklinga til þess að verða aðilar að slíku átaki og gera síðan áætlun um framkvæmdir og ráðast í þær.

Átak til ræktunar trjágróðurs í nágrenni byggðarlaganna á Suðurnesjum gæti, þegar fram líða stundir, orðið til skjóls og fegrunar þar sem nú er berangur og plöntun og umhirda viðfangsefni fyrir unglunga á þessum slóðum að sumarlagi. Jafnframt því yrði komið til móts við sveitarfélög sem hafa sýnt sérstakt framtak í gróðurvernd með friðun 35 000 ha. svæðis fyrir ágangi sauðfjár.